

## Fyrsta konan á stórmeistaralaun



Porterður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Lenka Ptácníková stórmeistari í skák við undirritun samningsins.

Porterður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Lenka Ptácníková stórmeistari í skák undirrituðu fimmtudaginn 12. maí samning um laun úr Launasjóði stórmeistara.

Lenka, sem hlaut íslenskan ríkisborgararétt á síðasta ári, er tíundi stórmeistarinn sem Ísland eignast. Hún er jafnframt fyrsta konan sem hlýtur laun úr Launasjóði stórmeistara.

Undirritunin fór fram í Flataskóla í Garðabæ, en þar tefldi Lenka fjöltefli við nemendur í skólanum ásamt Guðfríði Lilju Grétarsdóttur forseta [Skáksambandsins](#).

## Nýjar niðurstöður úr könnun í tengslum við Olweusaráætlunina gegn einelti

Síðastliðið haust hófu 30 grunnskólar þátttöku í [Olweusarverkefninu](#). Í byrjun apríl voru kynntar niðurstöður eineltis-könnunar sem lögð var fyrir nemendur í 4.-10. bekk.



Niðurstöður könnunarinnar sýna m.a. að 9.7% nemenda í 4.-7. bekk og 4.5% nemenda í 8.-10. bekk segjast verða fyrir einelti tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar. Einelti mælist núna minna í

8.-10. bekk og nokkru lægra í 4.-7. bekk en í fyrstu könnun áætlunarinnar sem framkvæmd var haustið 2002 í þeim skólum sem fyrstir tóku þátt.

Af þeim sem eru lagðir í einelti segjast 2/3 hluti nemenda eða 68% vera lagður í einelti af einum nemanda eða tveimur til þremur. Stelpurnar verða fyrir einelti bæði frá stelpum og stráköm en stráköm nær eingöngu frá öðrum stráköm. Þá kemur fram að stelpur segja frekar frá eineltinu en strákar og telja fremur en stráköm að fullorðnir í skólanum aðhafist eitthvað í málunum. Algengast er að stráköm sé strítt eða gert grín að þeim, útilokun er aftur á móti algengari aðferð meðal stelpna.

Meira en helmingur nemenda sem segist vera lagður í einelti hefur mátt

þola eineltið í eitt ár eða lengur. Langflestir krakkar segjast verða fyrir einelti á skólalóðinni, en það vekur athygli að fjöldi nemenda segist lagður í einelti í kennslutímum og kennslustofum þegar engin kennsla fer fram.

Með eineltisáætluninni er ekki síst verið að endurskapa félagslegt kerfi skólanna, opna umræðu um hvernig skólinn geti brugðist við og gripið inn í og stuðlað að markvissri þátttöku allra fullorðinna; starfsfólks, foreldra og annarra aðstandenda.

Olweusaráætlunin er samstarfsverkefni [menntamálaráðuneytis](#), [sveitarfélaga](#) og [Kennarasambands Íslands](#) í samvinnu við [Kennaraháskóla Íslands](#), [Heimili og skóla](#) og [Námsháskólunum](#).

## Úttektir á leikskólum



Menntamálaráðuneyti gerir árlega úttektir á leikskólum sem valdir eru af handahófi. Að þessu sinni voru það leikskólarnir Grandaborg í Reykjavík og Klettaborg í Borgarnesi sem voru teknir út. Niðurstöður með ábendingum um úrbætur þar sem við á, hafa verið sendar viðkomandi sveitarfélögum. Úttektirnar voru unnar af [Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands](#). Skýrslurnar eru aðgengilegar á vef [menntamálaráðuneytis](#), [menntamalaraduneyti.is](#)

## FRAMTÍÐARFRUMKVÖÐLAR Málþing um mótun nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar

Þann 15. apríl sl. var haldið málþing um nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar á Grand Hótel í Reykjavík. Að þinginu stóðu [Kennaraháskóli Íslands](#), [Impra](#) nýsköpunarmiðstöð, Frumkvöðlafræðslan og [Þjórsárskóli](#) í samstarfi við [menntamálaráðuneyti](#). Þingið sóttu um 60 manns.

Markmið málþingsins var að fara yfir stöðu og stefnu nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar á Íslandi í dag og kynna fræðslustarf á þessu sviði á grunnskóla-, framhaldsskóla- og háskólastigi sem og utan hins opinbera menntakerfis.

Haldin voru 12 fróðleg erindi og kynningar auk pallborðs og almennra umræðna.



Nemendur í 7. bekk í Þjórsárskóla kynntu verkefni sín í nýsköpun ásamt kennara sínum Svanborgu Jónsdóttur.

Í erindum og umræðum kom fram einhuga áhersla á gildi nýsköpunar- og frumkvöðlamenntar fyrir einstaklinginn og samfélagið og samstaða meðal fundarmanna um að styrkja þurfi það starf sem fyrir er og efla enn frekar. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Impra, nýsköpunarmiðstöðvar, [www.impra.is/framtid](http://www.impra.is/framtid).

